



Akraneskaupstaður  
Ólöf Guðný Valdimarsdóttir  
Stillholti 16-18  
300 Akranes

**Umhverfisstofnun**  
Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

© (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Reykjavík, 24. ágúst 2005  
Tilvísun: UST20040500169/óaj

## Tillaga að aðalskipulagi Akraness 2005-2017

Vísað er til bréfs tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar dagsett 18. maí sl., þar sem óskað er eftir að Umhverfisstofnun yfirlifi ofangreinda tillögu með hliðsjón af þeim atriðum er snerta starfssvið stofnunarinnar.

Stofnunin gerir eftirfarandi athugasemdir við skipulagstillöguna.

### Náttúruvernd

Lagfæra þarf texta efst á bls. 16 í greinargerð þar sem segir „*Hafa þarf samráð við Umhverfisstofnun vegna skipulags og framkvæmda á og við náttúruverndarsvæði og svæði á náttúruminjaskrá*“. Umhverfisstofnun veitir leyfi til framkvæmda þar sem hætta er á að spilt verði friðlýstum náttúruminjum. Leita skal umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spilt verði öðrum náttúruminjum á náttúruminjaskrá, sbr. 38. gr. laga nr 44/1999 um náttúruvernd.

### Verndun vatns

Lagfæra þarf texta á bls. 19 í greinargerð þar sem segir „*Undir þennan flokk falla svæði sem njóta verndar í samræmi við ákvæði mengunarvarnarreglugerðar og reglugerðar um neysluvatn vegna grunnvatns og varna gegn sjávarmengun og vatnsmengun*“.

Umhverfisstofnun bendir á að umrædd mengunarvarnarreglugerð féll úr gildi árið 1999 en í stað hennar kom reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Einnig er ekki ljóst hvaða reglugerð er átt við í ofangreindum texta þegar rætt er um reglugerð „*um neysluvatn vegna grunnvatns og varna gegn sjávarmengun og vatnsmengun*“. Til er reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns og einnig er til reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.

Samkvæmt IV. kafla ofangreindrar reglugerðar um varnir gegn mengun vatns skulu heilbrigðisnefndir flokka yfirborðsvatn og grunnvatn og skulu á skipulagsuppdrætti aðalskipulags koma fram langtíma markmið.

Í drögum að aðalskipulagi Akraness hefur flokkun ekki farið fram og því er ekki ljóst hvert ástandið er og að hverju er stefnt. Í kafla 3.2.6 í greinargerðinni eru strandsvæði einungis flokkuð í einn flokk, þ.e. flokk „B“, lítið snortið. Umhverfisstofnun bendir á að hluta strandlengjunnar við Akranes má flokka undir flokk „A“, ósnortið. Því má leiða að því líkum að strandlengjan við Akranes verði undir lok skipulagstímann færð niður um einn flokk, þ.e.

flokk „B“ miðað við stefnumörkun aðalskipulagstillögunnar.

Samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og 9. gr. reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri skal kortleggja svæði viðkvæm fyrir mengun og menguð svæði. Umhverfisstofnun hvetur til þess að sett verði fram tímasett markmið varðandi það hvernig ákvæði reglugerðarinnar verði uppfyllt.

### **Sorpförgunarsvæði**

Umhverfisstofnun bendir á að komin er út landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004-2016 í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Landsáætlunin er almenns eðlis og m.a. til leiðbeiningar fyrir sveitarfélög varðandi svæðisbundna áætlanagerð, en henni átti að vera lokið fyrir 1. apríl sl. Umhverfisstofnun telur að fram þurfi að koma í aðalskipulagi á hvaða stigi sú vinna er.

### **Fráveita**

Samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp skulu sveitarstjórnir gera tillögur að skilgreiningu viðtaka þar sem það á við og skal hæfni viðtaka til að taka við og eyða skólpi metin skv. skilgreiningu í fylgiskjali 2 með reglugerðinni, sjá einnig 21. og 23. gr. reglugerðarinnar. Umhverfisstofnun hvetur til þess að sveitarfélagið setji sér *tímasett* markmið hvað varðar mat á viðtaka fráveitu. Stofnunin telur mikilvægt að í aðalskipulagi sé gert grein fyrir söfnun, meðferð og losun skólps og meðhöndlun seyru.

### **Hverfisvernd**

Umhverfisstofnun fagnar þeim tillögum sem lagðar eru fram í drögum að aðalskipulagi Akraness um hverfisvernd. Sérstaklega ber að nefna tillögur um endurheimt votlendis. Umhverfisstofnun telur að hverfisverndarsvæðin þurfi að afmarka nánar með útlínum á uppdrætti.

### **Landfyllingar**

Á skipulagsupprætti er gert ráð fyrir þemur landfyllingum. Í fyrsta lagi vegna Skarfatangahafnar, um 14ha. Í öðru lagi austan sementsbryggju, 1,7 ha og í þriðja lagi í Leyni austan Sólmundarhöfða en þar er gert ráð fyrir rúmlega 3 ha landfyllingu sem að hluta verður nýtt fyrir íbúðarbyggð í tengslum við dvalarheimilið Höfða. Þar er talin vera þörf á endurnýjun sjóvarnargarðs vegna sjávargangs við Innesveg og nærliggjandi byggð.

Umhverfisstofnun er almennt ekki hlynnt landfyllingum, einkum ef um er að ræða svæði þar sem náttúra er tiltölulega ósnert eða þar er að finna einhvers konar auðlindir, t.d. fæðuöflunarsvæði dýra, hrygningarástöðvar o.fl. Því má segja að stofnunin sé fremur andvíg þeirri stefnumörkun sem fram kemur í aðalskipulaginu um landfyllingar við Leyni enda munu fyrirhugaðar landfyllingar auk ofangreinds hafa í för með sér stórvægilegar breytingar á ströndinni. Ekki er dregið í efa að verja þurfi byggð og vegi vegna sjávargangs en stofnunin dregur í efa nauðsyn fyrir svo mikla landfyllingu eins og þar er skipulögð. Hægt er að koma fyrir íbúðabyggð vestan Sólmundarhöfða eða annars staðar í kaupstaðnum. Stofnunin bendir á að með fyrirhuguðum landfyllingum og íbúðabyggð þar er verið að færa byggð aftur að sjó og hugsanlega verið að skapa sama vandamál og nú er. Slíkt kann að kalla á auknar fyllingar síðarmeir.

Samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum eru landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri, framkvæmdir sem falla undir 2. viðauka ofangreindra laga og kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum. Fyrirhugaðar landfyllingar við

Skarfatangahöfn eru um 14 ha og því stærri en mörk tilkynningarskyldrar framkvæmdar skv. fyrrgreindum lögum.

Landfylling í Leyni austan Sólmundarhöfða fellur einnig undir 2. viðauka ofangreindra laga en þar segir að mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum, t.d. með stíflugörðum, brimbrjótum, hafnargörðum og öðrum varnarmannvirkjum gegn ágangi sjávar falli undir framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið í hverju tilviki hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum.

Stofnunin bendir á nauðsyn þess að könnuð verði hugsanleg áhrif breytinga á straumum vegna landfyllinga við Skarfatangahöfn og áhrifum fyllinga á Langasand. Skoða þarf einnig efnistökumál vegna landfyllinga í heild, þannig að yfirsýn fáist um umfang þeirra og hvaðan efni verður sótt. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þessu verði fylgt eftir enda um talsvert magn efnis að ræða. Stofnunin telur miklu skipta hvaðan efni verður tekið til framkvæmdanna. Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhugaðar landfyllingar munu hugsanlega valda sjónrænum áhrifum. Stækkan hafnar við Skarfavör mun að líkindum skaða minjar, skerða náttúrulega strönd sem þar er og auka umferð flutningabíla um bæinn.

Virðingarfyllst

Olafur A. Jónsson  
Sérfræðingur



Helgi Jónsson  
Forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun